

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/45/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 98/18/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 56f (tilskipun ráðsins 98/18/EBE) í XIII. viðauka við samninginn hljóðir svo:

„**32009 L 0045**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtið. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/45/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter
formaður.